



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/863
komudagur 9.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dags: 9. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr., lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 208. mál, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Tollstjóri telur brýnt að frumvarpið verði að lögum þar sem ákvæði þess munu stuðla að bættri innheimtu- og skattframkvæmd.

Verði frumvarpið að lögum er einsýnt að áætlunum í virðisaukaskatti muni fækka verulega. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins fer mikill tími hjá skattyfirvöldum og innheimtumönnum ríkissjóðs í umsýslu vegna áætlana í virðisaukaskatti. Innheimtumanni ríkissjóðs ber samkvæmt skattalöggjöf að innheimta áætlaðan virðisaukaskatt á sama hátt og virðisaukaskatt sem lagður er á samkvæmt skilagrein.

Tollstjóri gerir ekki aðrar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins að öðru leyti en að neðan greinir: Tollstjóri leggur til að bætt verði við ákvæði 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins málslið, sem heimili að aðilar sem skila inn skýrslum en skila ekki samhliða greiðslu, verði felldir af virðisaukaskattskrá vari vanskilin yfir tveggja ára tímabil. Byggir Tollstjóri þessa afstöðu sína á reynslu sinni sem stærsti innheimtumaður ríkissjóðs. Tollstjóri þekkir of mörg dæmi þess að aðilar skili inn skýrslum árum saman en greiði ekki samkvæmt þeim.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri